

# Samstarf leik-og grunnskóla á Ásbrú, Reykjanesbæ.

## -Brúum bilið-



Háaleitisskóli



Heilsuleikskólinn Skógarás



Leikskólinn Völlur

Tengsl skólastiga.....	2
Samstarf leik-og grunnskóla á Ásbrú, Rnb.....	3
✚ Samráðsfundir.....	3
✚ Samhæfing kennsluáðferða, náms og námsgagna.....	4
✚ Áhersluþættir.....	4
✚ Hlutverk kennara.....	5
✚ Hittingar.....	5
✚ Leikur og félagleg færni.....	6
○ Læsi og samskipti.....	6
○ Samskipti 5 og 6 ára barna.....	7
○ Samskipti 5 ára við 12 ára börn.....	8
○ Sjálfbærni og vísindi.....	8
○ Heilbrigði og vellíðan.....	8

## Tengsl skólastiga

### Í Aðalnámsskrá leikskóla sem gefin var út í maí 2011 segir:

„Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri.

Ef flutningur barna út leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólans. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna.

Til að tryggja að grunnskólaganga barna verði eins og best verður á kosið er gert ráð fyrir að tiltekna upplýsingar um hvert barn, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess og þroska, fylgi því í grunnskólann. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna sem geta miðlað upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra. Þeir eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann og gefast kostur á að bregðast við þeim.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga. Barnið, velferð þess, þroski og menntun eru þar í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna. Gera þarf grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga í skólanámsskrá hvers leikskóla.“

# Samstarf leik-og grunnskóla á Ásbrú, Reykjanesbæ.

## Markmið:

- ✚ Að skapa samfellu í leik, námi og starfi barna frá leikskóla til grunnskóla.
- ✚ Að auðvelda börnum flutning á milli skólastiga með markvissum undirbúningi, kynningu á húsnæði Háaleitisskóla, starfi og kennurum.
- ✚ Að kennarar Háaleitisskóla kynnist elstu nemendum leikskólanna Vallar og Skógarás getu þeirra og hæfni.

## Skipulag:

Samstarf leik- og grunnskóla er skipti í þrjá undirflokka.

- ✚ Samráðsfundir.
- ✚ Samskipti.
- ✚ Samhæfing náms, kennslu og námsgagna

## Samráðsfundir

### Markmið:

- ✚ Að efla fagleg og öguð vinnubrögð.
- ✚ Að efla upplýsingaflæði á milli skólastiganna til hagsbóta fyrir nemendur.

### Skipulag og skilgreining ábyrgðar:

Samráðsfundur er haldinn tvisvar sinnum á ári, einn um byrjun september og seinni í enda maí. Í samráðshópnum sitja valdir fulltrúar beggja skólastiga og eru báðir aðilar með ábyrgðina.

### Viðfangsefni:

#### 1. Á samráðsfundi í byrjun september:

- ✚ Samstarfsáætlunin er yfirfarin og ef til vill endurbætt.

#### 2. Á samráðsfundi um miðjan maí er farið yfir eftirfarandi atriði:

- ✚ Ábyrgðaraðilar skila samantekt á viðfangsefnum líðandi skólaárs.
- ✚ Samráðshópurinn metur viðfangsefni yfirstandandi skólaárs.
  - Hvað gekk vel og hvað má bæta.
- ✚ Samstarfshópurinn vinnur samstarfsáætlun næsta skólaárs.
  - Markmið og leiðir að settum markmiðum ákveðnar.
  - Gagnkvæmar heimsóknir barna og kennara skipulagðar.
- ✚ Afhending upplýsinga milli skólastiga.
- ✚ Fyrir fundinn liggja eftirfarandi gögn:
  - Niðurstöður úr Hljóm – 2 og gátlistar.
  - Greining einstakra barna ef við á.


## Samhæfing kennsluáðferða, náms og námsgagna

Til að skapa samfellu í skólastarfi leik- og grunnskóla hafa skólarnir sammælt um að skýr námskrá liggi fyrir hjá leik- og grunnskóla í tengslum við nám 5 og 6 ára barna. Áherslur skólanna eru teknar fyrir á samráðsfundi að vori þegar undirbúningur næsta skólaárs á sér stað.

**Þau námssvið sem um ræðir eru:**

- ✚ Læsi og samskipti
- ✚ Sjálfbærni og vísindi
- ✚ Heilbrigði og vellíðan

## Áhersluþættir



## Hlutverk kennara

Hann ber ábyrgð á samskiptum innan barnahópsins og að skapa góðan samskiptaanda. Hann skal vera þeim góð fyrirmynd, og leiðbeina þeim í samskiptum. Kennsluaðferðir eiga að vera vel undirbúnar, markvissar, skipulagðar og byggja á áhuga barnanna. Umhverfið á að vera vel skipulagt og sniðið að þörfum þeirra til að ýta undir sjálfstæði og virkni.

### Heimsóknir

#### September:

- Samráðsfundur fulltrúa skólanna.
- Elstu börn á leikskólanum Velli og Skógarás fara í göngutúr til Háaleitisskóla og skoða húsnæðið að utan og prufa leikvöllinn. Leikskólarnir ákveða þann dag sjálfir.
- Elstu börn á leikskólanum Velli og Skógarás koma í heimsókn í Háaleitisskóla

#### Október:

- Þann 9.okt'19 kl.8:55-9:55 kemur skólahópur frá Velli í heimsókn í 1. bekk. Borða nesti með nemendum og fara í frímínútur frá 8:55-9:55 og taka þátt í kennslustund með 1. bekk . **Háaleitisskóli býður uppá nesti.**
  - o Hópur 1 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.MIK.
  - o Hópur 2 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.SS.
- Þann 16.okt'19 kl.8:55-9:55 kemur skólahópur frá Skógarás í heimsókn í 1. bekk. Borða nesti með nemendum og fara í frímínútur frá 8:55-9:55 og taka þátt í kennslustund með 1. bekk . **Háaleitisskóli býður uppá nesti.**
  - o Hópur 1 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.MIK.
  - o Hópur 2 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.SS.

#### Nóvember:

- Elstu börn á leikskólanum Velli og Skógarás fara í heimsókn í Háaleitisskóla á degi íslenskrar tungu og taka þátt í gleðistund á sal með atriði. Heimsóknin verður 15.nóv'19. Völlur og leikskólinn Skógarás koma í heimsókn og verða með atriði á sal. **Tímasetning kemur þegar nær dregur.**

#### Desember:

- Elstu börn á leikskólanum Velli koma í heimsókn í Háaleitisskóla þann 4. des'19 kl.9:00 og fara í heimsókn í 1. bekk. Borða nesti með nemendum og fara í frímínútur frá 9:55-10:35 og svo í jólaföndur með 1. bekk.
  - o Hópur 1 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.MIK.
  - o Hópur 2 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.SS.
- Elstu börn á leikskólanum Skógarás koma í heimsókn í Háaleitisskóla þann 11. des'19 kl.9:00 og fara í heimsókn í 1. bekk. Borða nesti með nemendum og fara í frímínútur frá 9:55-10:35 og svo í jólaföndur með 1. bekk.

- o Hópur 1 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.MIK.
- o Hópur 2 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.SS.
- Jólakort á leikskólanum Velli og leikskólanum Skógarás. Nemendur 1.bekkar fara með jólakort til elstu leikskólanemendanna. Piparkökur og huggulegheit. Nemendur í 7.bekk fara í heimsókn og lesa jólasögu fyrir leikskólanemendur.
  - o Þann 10. des´19 kl.9:30-11:00 fer 1.bekkur MIK og 7.bekkur í heimsókn á Völl
  - o Þann 9. des´19 kl.9:30-11:00 fer 1.bekkur 1.SS og 7.bekkur í heimsókn á Skógarás.

### **Janúar:**

- Elstu börn á leikskólanum Velli koma í heimsókn í Háaleitisskóla þann 8. janúar klukkan 9:55-10:35 í heimsókn.
  - o Hópur 1 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.MIK.
  - o Hópur 2 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.SS.
- Elstu börn á leikskólanum Skógarás koma í heimsókn í Háaleitisskóla þann 22. janúar klukkan 9:55-10:35 í heimsókn.
  - o Hópur 1 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.MIK.
  - o Hópur 2 fer í heimsókn í kennslustund hjá 1.SS.

### **Febrúar:**

- Elstu börn á leikskólanum Velli koma í heimsókn og taka þátt í íþróttum.
  - o Hópur 1 kemur 3. febrúar klukkan 10:35-11:15 og fer í íþróttir með 1.MIK.
  - o Hópur 2 kemur 4. febrúar klukkan 9:55-10:35 og fer í íþróttir með 1.SS.
- Elstu börn á leikskólanum Skógarás koma í heimsókn og taka þátt í íþróttum.
  - o Skógarás kemur 13. febrúar klukkan 9:55-10:35 og fer í íþróttir með 1.SS.

### **Mars:**

- Elstu börn á leikskólanum Velli koma í heimsókn í Háaleitisskóla þann 4.mars. klukkan 9:55-10:35 og fara í kennslustund
  - o Hópur 1 fer í kennslustund hjá 1.MIK.
  - o Hópur 2 fer í kennslustund hjá 1.SS.
- Elstu börn á leikskólanum Skógarás koma í heimsókn í Háaleitisskóla þann 18.mars. klukkan 9:55-10:35 og fara í kennslustund

o Hópur 1 fer í kennslustund hjá 1.MIK.

o Hópur 2 fer í kennslustund hjá 1.SS.

### **Apríl:**

- Elstu börn á leikskólanum Velli koma í heimsókn í Háaleitisskóla 15.apríl kl.11:00-13:15, fara í hádegismat, frímínútur, kennslustund og dans.
- Elstu börn á leikskólanum Skógárás koma í heimsókn í Háaleitisskóla 22.apríl kl.11:00-13:15, fara í hádegismat, frímínútur, kennslustund og dans.

### **Mai**

- Í lok maí (**nánari dagsetning ákveðin síðar**) hittast börnin úr Háaleitisskóla elstu börnin af Heilsuleikskólanum Skógárás og Velli í hverfinu, borða saman nesti og leika saman (**staður ákveðinn síðar**)

## **Leikur og félagsleg færni**

### Námssvið

#### **Læsi og samskipti**

Félagsfærni skiptir sköpum í samskiptum og hefur áhrif á hvernig börn mynda tengsl við önnur börn, hvernig þeim gengur að leysa dagleg verkefni og hvernig þau takast á við tilfinningar sínar. Með því að efla ábyrgð barna og gera þau meðvitaðri um gildi jákvæðra og uppbyggjandi samskipta við önnur börn, styrkjum við félagslega hæfni þeirra sem hefur áhrif á lífsgæði þeirra til lengri tíma litið.

Málörvun og auðugt, vandað málumhverfi í bernsku stuðlar að því að börnin nái góðu valdi á málinu og verði færir málnotendur svo tungumálið megi verða þeim lykill til náms, þroska og samskipta við aðra alla ævina. Því víðtækari reynslu sem barn fær á einu stigi máltökunnar þeim mun betra veganesti hefur það inn á það næsta.

#### **Markmið:**

- ✚ Að efla mál- og hljóðkerfisvitund
- ✚ Að efla tjáningu og frásagnarhæfni
- ✚ Að börnin kynnist rituðu máli og að það sé sýnilegt í umhverfinu
- ✚ Að efla hlustun og samræðuhæfni
- ✚ Að öll börn fái tækifæri til að tjá sig og taka þátt í samskiptum á jafnréttisgrundvelli
- ✚ Að börnin tileinki sér innri aga, séu fær um að sýna kurteisi, samkennd og temji sér virðingu fyrir umhverfi sínu.

## Samskipti 5 og 6 ára

### Markmið:

- ✚ Að yngstu nemendur grunnskólans haldi tengslum við nemendur leikskólans.
- ✚ Að efla félagsleg færni og styrkja vinatengsl.

### Skipulag og skilgreining ábyrgðar:

Fyrir áramót í októberber, nóvember og desember fara elstu börn leikskólans fara í heimsókn í Háaleitisskóla. Nemendur 1. bekkjar fara í heimsókn á leikskólann Völl og leikskólann Háaleiti í desember. Eftir áramót fara elstu börn leikskólans einu sinni í janúar, febrúar, mars og apríl í heimsókn í Háaleitisskóla. Í maímánuði hittast svo elstu börnin á leikskólanum Velli og Skógarás og nemendur 1. bekkja í Háaleitisskóla fyrir utan Háaleitisskóla og eiga góða stund saman í leikjum. Boðið verður uppá heilsunesti.

### Viðfangsefni:

Börnin upplifa mismunandi aðstæður svo sem:

- ✚ Frímínútur
- ✚ Bókasafn
- ✚ Matsalur
- ✚ Kennslustund
- ✚ Íþróttir

Einnig er lögð áhersla á sameiginlega stöðvavinnu þar sem unnið er með markvissa málörvun, rökhusun, talnavinnu, hreyfifærni og félagslega færni.

## Samskipti 5 ára við 12 ára

### Markmið:

- ✚ Að efla og styrkja félagslega færni og vinatengsl við eldri nemendur Háaleitisskóla.

### Skipulag og skilgreining ábyrgðar:

Í desember koma nemendur 7. bekkjar Háaleitisskóla í heimsókn í leikskólann og halda upplestur á fyrirfram ákveðnu viðfangsefni t.d. vináttu og samskiptum.

## Sjálfbærni og vísindi

Börn eru fróðleiksfús, þau kanna og rannsaka hluti og fyrirbæri í umhverfinu til að öðlast skilning á tengslum hluta. Mikilvægt er að skapa þeim umhverfi og efnivið sem eflir vísindalega hugsun og eykur skilning þeirra á hugtökum, á samhengi hlutanna og tengsl orsaka og afleiðinga.

### Markmið:

- ✚ Að styrkja og efla rökhusun barna



- ✚ Að efla skilning á tölum og magni
- ✚ Að efla skilning á samlagningu og frádrætti
- ✚ Að efla skilning á stærð, lögun, þyngd, rými og fjölda

## Heilbrigði og vellíðan

Hreyfing stuðlar að andlegu og líkamlegri vellíðan. Góð hreyfing bætir heilsu, eykur hreyfifærni og sjálfstraust. Lögð er mikil áhersla á að börn fái útrás fyrir hreyfiþörf sína þar sem þau efla þol, úthald og snerpu. Rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif útináms á heilsu og líðan barna.

## Hreyfifærni

### Markmið:

Að efla hreyfifærni barna.

### Leið:

Fínhreyfingar eru æfðar í gegnum leik með t.d. skæri, tréliti og leir. Grófhreyfingar eru líka æfðar í gegnum ýmsa skipulagða sem og frjálsa leiki og þá aðallega á útisvæði og í frímínútum. Lögð er áhersla á að efla:

- ✚ Fínhreyfingar
- ✚ Samhæfingu augna og handa
- ✚ Samhæfingu líkamanns
- ✚ Jafnvægi
- ✚ Þol